

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Sigurður Óskarsson.

Af lista utan flokka: Siggeir Björnsson.

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Benedikt Davíðsson.

Fyrir Alþýðuflokkinn: Ólafur Björnsson.

Fyrir Framsóknarflokkinn: Markús Á. Einarsson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Sigurgeir Sigurðsson.  
Arndís Björnsdóttir.

Varamenn landskjörinna þingmanna:

Fyrir Alþýðubandalagið: Kjartan Ólafsson.

Fyrir Alþýðuflokkinn: Finnur Torfi Stefánsson.  
Jón Ármann Héðinsson.  
Gunnar Már Kristófersson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Sigurlaug Bjarnadóttir.  
Ragnhildur Helgadóttir.  
Valdimar Indriðason.  
Sigurgeir Sigurðsson.  
Jón Ásbergsson.  
Vigfús Jónsson.  
Einar Kr. Guðfinnsson.

## S A M Þ Y K K T

### um sýsluvegasjóð í Norður-Þingeyjarsýslu.

#### 1. gr.

Í Norður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6 1977.

#### 2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir í Norður-Þingeyjarsýslu eru þessir:

#### Kelduneshreppur.

1. Auðbjargarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Auðbjargarstöðum.
2. Fjallavegur: Af Norðausturvegi að Fjöllum.
3. Lónsvegur: Af Norðausturvegi að Lóni.
4. Sultavegur: Af Norðausturvegi að Sultum.
5. Víkingavatnsvegur: Af Norðausturv. að Víkingavatni.
6. Grásiðuvegur: Af Norðausturvegi að Grásiðu.

7. Grásiðuvegur II: Af Norðausturvegi að Grásiðu II.
8. Garðsvegur: Af Norðausturvegi að Garði.
9. Vegur að kirkjugarði: Af Norðausturvegi að kirkjugarði.
10. Austurgarðsvegur: Af Norðausturvegi að Austurgarði.
11. Krossadalsvegur: Af Norðausturvegi að Krossadal.
12. Árdalsvegur: Af Norðausturvegi að Árdal.
13. Höfðabrekkuvegur: Af Norðausturvegi að Höfðabrekku.
14. Skúlagarðsvegur: Af Norðausturvegi að Skúlagarði.
15. Syðri-Bakkavegur: Af Norðausturvegi að Syðri-Bakka.
16. Keldunesvegur: Af Syðri-Bakkavegi að Keldunesi.
17. Lindarbrekkuvegur: Af Syðri-Bakkavegi að Lindarbrekku.
18. Eyvindarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Eyvindarstöðum.
19. Hólsvegur: Af Norðausturvegi að Hóli.
20. Lyngásvegur: Af Norðausturvegi að Lyngási.
21. Ingveldarstaðarvegur: Af Norðausturvegi að Ingveldarstað.
22. Tóveggjarvegur: Af Uppsveitarvegi að Tóvegg.
23. Undirveggjarvegur: Af Uppsveitarvegi að Undirvegg.
24. Meiðavallavegur: Af Norðausturvegi að Meiðavöllum.
25. Ásbyrgisvegur: Af Norðausturvegi að Ásbyrgi.
26. Ásvegur: Af Norðausturvegi að Ási.
27. Tjarnarréttarvegur: Af Norðausturvegi að Tjarnarrétt.

#### Fjallahreppur:

1. Nýhólsvegur: Af Norðurlandsvegi að Nýhóli.
2. Víðihólsvegur: Af Nýhólsvegi að Víðihóli.
3. Grímstunguvegur: Af Norðurlandsvegi að Grímstungu.
4. Hólsselsvegur: Af Hólsfjallavegi að Hólsseli.

#### Öxarfjarðarhreppur:

1. Vestaralandsvegur: Af Hólsfjallavegi að Vestaralandi.
2. Sigtúnsvegur: Af Vestaralandsvegi að Sigtúni.
3. Austaralandsvegur: Af Hólsfjallavegi að Austaralandi.
4. Bjarnastaðavegur: Af Hólsfjallavegi að Bjarnastöðum.
5. Ferjubakkavegur: Af Norðausturvegi að Ferjubakka.
6. Skinnastaðavegur: Af Norðausturvegi að Skinnastað.
7. Lundsvegur: Af Norðausturvegi að Lundi.
8. Smjörhólsvegur: Af Gilsbakkavegi að Smjörhóli.
9. Gilhagavegur: Af Gilsbakkavegi að Gilhaga.
10. Gilsbakkavegur: Af Gilsbakkavegi að Gilsbakka.
11. Hafrafellstunguvegur II: Af Gilsbakkavegi að Hafrafellstungu II.
12. Ærlækjarvegur: Af Norðausturvegi að Ærlæk.
13. Skógavegur I: Af Austursandsvegi að Skógum I.
14. Skógavegur II: Af Skógavegi I að Skógum II.
15. Ærlækjarselsvegur: Af Austursandsvegi að Ærlækjarseli.
16. Akurselsvegur: Af Austursandsvegi að Akurseli.
17. Klifshagavegur: Af Norðausturvegi að Klifshaga.
18. Leifsstaðavegur: Af Axarfjarðarheiðarvegi að Leifsstöðum.
19. Sandfellshagavegur: Af Axarfjarðarheiðarvegi að Sandfellshaga.
20. Þverárvegur: Af Norðausturvegi að Þverá.
21. Núpsvegur: Af Norðurvegi að Núpi.

**Presthólahreppur:**

1. Arnarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Arnarstöðum.
2. Daðastaðavegur: Af Arnarstaðavegi að Daðastöðum.
3. Valþjófsstaðavegur Af Norðausturvegi að Valþjófsstað.
4. Efri-Hólavegur: Af Norðausturvegi að Efri-Hólum.
5. Presthólavegur: Af Efri-Hólavegi að Presthólum.
6. Katastaðavegur: Af Norðausturvegi að Katastöðum.
7. Brekkuvegur: Af Norðausturvegi að Brekku.
8. Garðsvegur: Af Norðausturvegi að Garði.
9. Snartastaðavegur: Af Norðausturvegi að Snartastöðum.
10. Ásvegur: Af Norðausturvegi að Ási.
11. Hjarðarásvegur: Af Ásvegi að Hjarðarási.
12. Kópaskersgötur: Af Norðausturvegi á Norðausturveg.
13. Leirhafnarvegur: Af Norðausturvegi að Leirhöfn.
14. Reistarnesvegur: Af Norðausturvegi að Reistarnesi.
15. Sandvíkurvegur: Af Reistarnesvegi að Sandvík.
16. Grjótnesvegur: Af Norðausturvegi að Grjótnesi.
17. Núpskötluvegur: Af Norðausturvegi að Núpskötlum.
18. Sigurðarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Sigurðarstöðum.
19. Blikalónsvegur: Af Norðausturvegi að Blikalóni.
20. Höskuldarnesvegur: Af Norðausturvegi að Höskuldarnesi.
21. Syðri-Vogavegur: Af Norðausturvegi að Syðri-Vogum.
22. Nýhafnarvegur: Af Sandvíkurvegi að Nýhöfn.

**Svalbarðshreppur:**

1. Ormarlónsvegur: Af Norðausturvegi að Ormarlóni.
2. Sveinungsvíkurvegur: Af Norðausturvegi að Sveinungsvík.
3. Krossavíkurvegur: Af Norðausturvegi að Krossavík.
4. Kollavíkurvegur: Af Norðausturvegi að Kollavík.
5. Borgnavegur: Af Norðausturvegi að Borgum.
6. Vallnavegur: Af Norðausturvegi að Völlum.
7. Sævarlandsvegur: Af Norðausturvegi að Sævarlandi.
8. Hagalandsvegur: Af Norðausturvegi að Hagalandi.
9. Garðsvegur: Af Hagalandsvegi að Garði.
10. Fjallalækjarselsvegur: Af Norðausturvegi að Fjallalækjarseli.
11. Svalbarðsvegur: Af Norðausturvegi að Svalbarði.
12. Flöguvegur: Af Norðausturvegi að Flögu.
13. Ytra-Álandsvegur: Af Norðausturvegi að Ytra-Álandi.
14. Syðra-Álandsvegur: Af Norðausturvegi að Syðra-Álandi.
15. Laxárdalsvegur: Af Laxárdalsvegi að Laxárdal.
16. Laxárdalsvegur II: Af Laxárdalsvegi að Laxárdal II.
17. Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi að Gunnarsstöðum.
18. Hvammsvegur: Af Norðausturvegi að Hvammi.
19. Brúarlandsvegur: Af Norðausturvegi að Brúarlandi.

**Sauðaneshreppur:**

1. Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi að Tunguseli.
2. Hallgilsstaðavegur: Af Tunguselsvegi að Hallgilsstöðum.
3. Syðri-Brekknavegur: Af Norðausturvegi að Syðri-Brekkum.
4. Sætúnsvegur: Af Norðausturvegi að Sætúni.

5. Ytri-Brekkavegur: Af Norðausturvegi að Ytri-Brekkum.
6. Sauðanesvegur: Af Langanesvegi að Sauðanesi.
7. Sauðanesvegur II: Af Langanesvegi að Sauðanesi II.
8. Flugvallarvegur: Af Langanesvegi að flugvelli.
9. Efra-Lónsvegur: Af Langanesvegi að Efra-Lóni.
10. Hlíðarvegur: Af Langanesvegi að Hlíð.

### 3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

### 4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

### 5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

### 6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 16 300. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

### 7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

### 8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu  $\frac{3}{4}$  sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári, a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

### 9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

## 10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 127 9. júní 1965 um sama efni, og samþykkt nr. 7 8. janúar 1970 um breytingu á henni.

*Samgönguráðuneytið, 24. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Birgir Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir .....	kr. 500
Einstakir miðar, börn .....	— 200
10 miða kort, fullorðnir .....	— 3 000
10 miða kort, börn .....	— 1 000
10 miða kort, aldraðir .....	— 1 500
Gufubað .....	— 800
Leiga á handklæðum og skýlum .....	— 400
Sundnámskeið 20 st., fullorðnir .....	— 9 500
Sundnámskeið 20 st., börn .....	— 7 000
10 miða kort, 16 ára og eldri, sundfélög .....	— 1 000
10 miða kort, yngri en 16 ára, sundfélög .....	— 550

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 294 29. júní 1979.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*